

kostnað af almanna fé, þar á meðal málfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði, Jakob Jónsson, á að vera sýkn af kæru hins opinbera í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almanna fé.

Mánudaginn 30. maímán.

Nr. 1/1881

L. A. Snorrason kaupm. á Ísafirði  
geg

Jóni Jónssyni, Á. Ásgeirssyni, M. Jochumssyni og bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 3. janúarm. þ. á., hefir L. A. Snorrason, kaupmaður á Ísafirði, áfryjað til yfirdómsins úrskurði, kveðnum upp í uppboðsrétti Ísafjarðarkaupstaðar 27. marzmán f. á., og uppboði, sem fram fór sama dag, samkvæmt téðum úrskurði. Á uppboði þessu voru samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar í nefndum kaupstað 6 lóðarblettir í kaupstaðnum seldir á leigu fyrir fardagaárið 1880—81 til þilskipa uppsáturs, en þar eð áfryjandinn áleit, að rétti sínum sem lóðareiganda í kaupstaðnum væri hallað með þessari sölu, mótmælti hann henni, en mótmæli hans voru ekki tekin til greina. Hefir hann nú krafizt hér fyrir réttinum, að hinn áfryjaði úrskurður, og

þar á byggð uppboðsgjörð, verði dæmt ómerkt, og hin gjörðu hamarshögg úr gildi feld, og að hinir stefndu kaupendur, Á. Ásgeirsson og Magnús Jochumsson, verði skyldaðir til að greiða honum málskostnað fyrir yfirréttinum með einhverju nægilegu eftir réttarins mati. Hinir stefndu, bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar og kaupendurnir á uppboðinu, hafa ekki mætt né mæta látið eftir stefnunni, og ber því að dæma málið eftir hinum framlögðu skjölum og skilríkjum.

Áfrýjandinn hefir haldið því fram hér fyrir réttinum, að 5 af lóðarblettum þeim, sem seldir eru á leigu eftir ályktun bæjarstjórnarinnar á Ísafirði við framangreint uppboð, séu sín eign, en ekki kaupstaðarins; en til þess að yfirdómurinn geti gjört þetta málsatriði að álitum, er samkvæmt tilskip. 11. júlí 1880, 20. gr. og tilskip. 31. marz 1719, 4. gr. og eftir atvikum málsins nauðsynlegt að yfirdómurinn hafi fyrir sér afstöðuuppdrátt af hinu umþrattaða lóðarsvæði, svo úr garði gjörðan, sem síðar nefnd lagagrein leggur fyrir. Áfrýjandinn hefir nú að vísu lagt fram afstöðuuppdrátt af lóð sinni á Ísafirði, en það er hvortveggja, að uppdráttur þessi er ekki gjörður á þann hátt, sem tilsk. 31. marz 1719, 4. gr. mælir fyrir, enda er hann svo óljós, hvort sem hann er borinn saman við uppboðsgjörðina eða við hin fram lögðu heimildarskjöl fyrir lóð áfrýjandans, að ekki er mögulegt að leggja hann til grundvallar fyrir úrslitum málsins.

Með því að málið þannig ekki er svo til tilbúið af hálfu áfrýjandans, að á það verði lagður fullnaðardómur, ber ex officio að vísa því frá yfirdóminum, og fellur þá málskostnaður niður.



Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. septbrmán.

Nr. 14/1881.

Réttvísinn

gegn

Magnúsi Kristjánssyni.

Úrskurður:

Áður fullnaðardómur verði lagður á mál það, sem hér er skotið til yfirdómsins, virðist nauðsynlegt, að undirdómarinn útvegi þær ítarlegri upplýsingar, er hér segir:

1. hvort læsingin fyrir skemmu þeirri, sem stolið var úr, hafi verið forsvaranleg, hvort hún (skemman) venjulega hafi verið læst, og sérstaklega, hvort hún muni hafa verið læst, þegar hinn ákærði fór í hana, þar sem hann hefir borið, að hann ekki hafi getað fundið, hvort hún var læst eða ólæst þegar hann opnaði hana með sínum lykli.
2. hvort innangengt sé úr bænum í skemmuna, sem, eins og segir í dóminum, er áföst við bæjarhúsin.
3. hegningarvottorð fyrir hinn ákærða frá Vestmannaeyjum, þar sem hann eftir skýrslu sinni hefir dvalið í 7 ár.

Svo ber undirdómaranum og að útvega aðrar þær upplýsingar, er framan greindar skýrslur kynnu að geta tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega skýrslur þær, sem að ofan eru til greindar, svo fljótt sem verða má.